

Ár 2008, þriðjudaginn 14. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Sjúkratryggingastofnunar**

### **I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Heilbrigðisráðuneytið sendi kjararáði bréf, dagsett 16. september 2008, mótttekið 19. september 2008, þar sem óskað var eftir að kjararáð tæki ákvörðun um laun forstjóra Sjúkratryggingastofnunar. Í bréfinu sagði að þann 10. september 2008 hefðu verið samþykkt á Alþingi lög um sjúkratryggingar. Samkvæmt 5. gr. laganna skuli starfrækja sjúkratryggingastofnun, sem annist framkvæmd sjúkratrygginga og semji um og greiði endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu. Hlutverk Sjúkratryggingastofnunar sé meðal annars að semja um og greiða fyrir heilbrigðisþjónustu, annast kaup á vörum og þjónustu, hafa eftirlit með gæðum og árangri þjónustunnar og að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra. Ráðherra skipi forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar. Forstjórinn skuli hafa lokið háskólanámi og hafa reynslu af rekstri og stjórnun. Hann ráði annað starfsfólk og annist daglegan rekstur, beri ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

### **II.**

Með bréfi, dagsettu 22. september 2008, óskaði kjararáð eftir því við fjármálaráðuneytið að það skæri úr um hvort embætti forstjórans félli undir 13. tl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996. Yrði niðurstaða ráðuneytisins að svo væri var því gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 6. október 2008 og var það mat þess að forstjórinn heyrði undir umrædda lagagrein og yrði tekið mið af því við næstu útgáfu á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn, samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laganna. Það heyrir því undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör forstjóra Sjúkratryggingastofnunar.

### **III.**

Sjúkratryggingastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, sem tóku gildi 1. október 2008. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að við myndun núverandi ríkisstjórnar hafi verið ákveðið að breyta verkaskiptingu milli ráðuneyta og var verkaskiptingu milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis breytt með lögum nr. 160/2007. Var Tryggingastofnun ríkisins þá breytt og ábyrgð og yfirstjórn málaflokka almannatrygginga deilt þannig að félags- og tryggingamálaráðherra fer með lífeyristryggingar og heilbrigðisráðherra fer með slysatryggingar og sjúkratryggingar.

Markmið laga um sjúkratryggingar er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og að stuðla að rekstrar- og þjódhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar eftir því sem unnt er. Í lögnum er mælt fyrir um sjúkratryggingar, samninga um heilbrigðisþjónustu og endurgjald ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu. Í lögnum segir að starfrækja skuli sjúkratryggingastofnun. Er við það miðað að Sjúkratryggingastofnun og Tryggingastofnun ríkisins reki sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við notendur. Sjúkratryggingastofnun annast framkvæmd sjúkratrygginga og semur um og greiðir fyrir heilbrigðisþjónustu. Hún skal einnig hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu og sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin. Heilbrigðisráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn. Stjórnin skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtímastefnu. Hún skal hafa eftirlit með starfsemi og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga hverju sinni. Ráðherra skipar

forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Hann skal hafa lokið námi á háskólastigi og búa yfir reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Forstjóri ræður aðra starfsmenn og annast daglegan rekstur og hann ber ábyrgð á því að stofnunin starfi í samræmi við lög. Í lögunum er fjallað um til hvaða starfsemi sjúkratryggingar taka. Sjúkratryggingastofnun gerir samninga við heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir, fyrirtæki og einstaklinga um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðir þeim endurgjald í samræmi við samninga. Kostnaður við sjúkratryggingar greiðast úr ríkissjóði en heimilt er að taka gjald fyrir hluta þjónustunnar.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Sjúkratryggingastofnun er ný ríkisstofnun sem tekur við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins á sviði sjúkratrygginga. Auk þess skal hún semja við veitendur heilbrigðisþjónustu og sér um greiðslur til þeirra. Við ákvörðun launa forstjórans hefur meðal annars verið tekið mið af launum forstjóra Tryggingastofnunar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun forstjóra Sjúkratryggingastofnunar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 138, nú 753.974 krónur. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 6.171 króna. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir